

Fundarnúmer:	142
Dagsetning:	22.01.2008
Tími:	15:00
Staður:	Fundarsalur Ráðhúss

Árið 2008, þriðjudaginn 22. Janúar kom sveitarstjórn Húnaþings vestra saman til 142. fundar í Ráðhúsi Húnaþings vestra kl. 15:00. Oddviti setti fund og bauð sveitarstjórnarmenn velkomna til fundar í hinu nýja Ráðhúsi Húnaþings vestra að Hvammstangabraut 5. Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerðir byggðarráðs. Formaður kynnti.

a) Fundargerð 524. fundar 7. Janúar. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

b) Fundargerð 525. fundar 15. Janúar. Fundargerð í 14 liðum. Borinn undir atkvæði 11. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 7 atkvæðum. Aðrir liðir samþykktir með 7 atkvæðum.

c) Fundargerð 526. fundar 21. Janúar. Fundargerð í 7 liðum. Fundargerðin samþykkt með 7 atkvæðum.

2. Tekinn var fyrir 4. Liður dagskrár: Fjárhagsáætlun 2009, 2010 og 2011 fyrir sveitarsjóð Húnaþings vestra og fyrirtæki. Fyrri umræða. Skrifstofustjóri og sveitarstjóri lögðu fram og skýrðu áætlunina. Að loknum umræðum lagði oddviti til að fjárhagsáætluninni verði vísað til síðari umræðu. Samþykkt með 7 atkvæðum.

3. Tekinn fyrir 2. dagskrárliður. Fundargerð 97. fundar fræðsluráðs 9. Janúar. Fundargerð í 2 liðum. Oddviti kynnti. Lögð var fram svohljóðandi tillaga vegna 1. liðar: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að senda fyrirbyggjandi umsagnir Fræðsluráðs Húnaþings vestra, Foreldrafélags Leikskólans Ásgarðs og Foreldrafélags Grunnskóla Húnaþings vestra um frumvörp til laga um grunnskóla, leikskóla, framhaldsskóla og menntun kennara og skólastjórnenda til menntamálanefndar Alþingis. Að öðru leyti tekur sveitarstjórn Húnaþings vestra undir umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga um umrædd frumvörp.“ Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar ásamt framangreindri tillögu og samþykkt með 6 atkvæðum. 2. liður samþykktur með 6 atkvæðum.

4. Tekinn fyrir 3. dagskrárliður. Fundargerð 137. fundar skipulags- og umhverfisráðs 10. Janúar. Fundargerð í 2 liðum. Oddviti kynnti. Borinn undir atkvæði 1. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 5 atkvæðum. Stefán Böðvarsson óskaði bókað að hann tæki ekki afstöðu til þessa liðar vegna vanhæfis. Borinn undir atkvæði 2. liður fundargerðarinnar og samþykktur með 5 atkvæðum. Elín R. Líndal óskaði bókað að hún tæki ekki afstöðu til þessa liðar vegna skyldleika. Oddur Sigurðarson þurfti að hverfa af fundi kl. 14:45.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 16:34.

Skúli Þórðarson(sign.), Ólafur B. Óskarsson fundarritari(sign.),

Elín R. Líndal(sign.), Guðný Helga Björnsdóttir(sign.),

Rakel Runólfsdóttir(sign.), Þ. Karl Eggertsson(sign.),

Stefán Böðvarsson(sign.).